

STÖÐUSKÝRSLA

ÁGÚST 2010



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Verkefni félagsins	4
2.1 Yfirlit yfir verkefni starfsmanna	5
3. Fundir	5
4. Uppgjör	6
Sex mánaða uppgjör	7
5. Næstu skref	9
Viðauki 1 – Verkefnakort starfsmanna	10
Viðauki 2 - Fundargerðir stjórnar	12

1. INNGANGUR

Á fyrstu mánuðum ársins hafa orðið nokkrar breytingar innan Þróunarfélagsins. Tekið var í notkun verkþókhald þar sem starfsmenn skrá tíma sína og hefur það auðveldað mikið að halda utan um þau verkefni sem verið er að vinna að ásamt því að auðvelda alla reikningagerð. Samhliða því að taka upp verkþókhald var ákveðið að taka upp nýtt bókhaldskerfi (DK) og nú færir félagið bókhaldið sjálft í stað þess að kaupa þá þjónustu annars staðar frá. Með nýju kerfi og nýjum áherslum er því orðið auðveldara að fá upp stöðu félagsins á hverjum tíma og kostnað við einstök verkefni.

Ákveðið var að taka tölvumál félagsins til endurskoðunar og var fyrsta verk að ráðast í netafritun gagna. Samið var við Símann um að setja upp afritun í tölvur starfsmanna til að tryggja að gögn myndu ekki glatast.

Í byrjun árs voru gerðir nýjir ráðningasamningar við alla starfsmenn félagsins þar sem eldri samningar voru að ýmsu leiti ekki nægilega skýrir.

Á árinu hafa verið þónokkrar mannabreytingar. Í júní fór Halla Hafbergsdóttir í fæðingaorlof en hún reiknar ekki með að koma aftur til starfa eftir orlof. Ingibjörg Jónsdóttir hóf störf í apríl og tók við starfi Höllu. Björk Sigurgeirsdóttir lét af störfum í lok júní en Björk var m.a. verkefnastjóri Vaxtarsamnings Austurlands. Með nýjum Vaxtarsamningi er ekki gert ráð fyrir því að sérstakur starfsmaður vinni við samninginn. Í byrjun júlí voru því fimm starfsmenn hjá Þróunarfélaginu; Hafliði H. Hafliðason (framkvæmdastjóri), Ingigerður Erlingsdóttir, Enok Jóhannsson, Ingibjörg Jónsdóttir og Ormarr Örlygsson. Ekki er gert ráð fyrir frekari mannabreytingum út árið 2010.

Stjórn Þróunarfélagsins skipa:

Auður Anna Ingólfssdóttir – formaður, Egilsstaðir

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdalur

Vilhjálmur Jónsson, Seyðisfirði

Páll Baldursson, Breiðdalsvík

Andrés Skúlason, Djúpvogur

Guðmundur Ólafsson, Egilsstaðir

Jóhann Már Róbertsson, Vopnafjörður

Lars Gunnarsson, Fáskrúðsfjörður

Páll Björgvin Guðmundsson, Fjarðabyggð

2. VERKEFNI FÉLAGSINS

Fjölmörg verkefni komu inn á borð Þróunarfélagsins á fyrstu sex mánuðum ársins 2010. Yfirlit yfir þau má sjá í *Viðauka 1*.

Gerðir voru nokkrir samstarfssamningar á fyrstu mánuðum ársins.

- Áframhaldandi samningur við ÁL-Kapla um uppbyggingu kapalverksmiðju á Seyðisfirði.
- Samningur var gerður við Austfirskar krásir um að sinna verkefnastjórnun.
- Hafinn var undirbúningur að gerð samnings við Alcoa-Fjarðaál vegna vinnu við áltengd verkefni.
- Samstarf við SSA, Markaðsstofu, Menningarráð, Vaxtarsamning og Atvinnuþróunarsjóð um vinnu við sameiginlega heimasíðu.

Samhliða nýrri heimasíðu var unnið að nýrri fjárfestingarheimasíðu fyrir Austurland sem einnig er stefnt að því að opna nú á haustmánuðum.

Unnið var að áætlunargerð fyrir nýjan Vaxtarsamning og úthlutun. Úthlutað var úr Atvinnuþróunarsjóði, aðstoðað við yfirlestur og umsóknagerð. Áfram var unnið í þeim evrópuverkefnum sem ÞFA er aðili að og var m.a. tekið á móti samstarfsaðilum á Reyðarfirði um miðjan júní en þá komu þátttakendur í RTS (samgönguverkefninu) til landsins. Samstarf við SSA hefur verið gott og m.a. unnið að verkefnum *Austurland – eitt sveitarfélag, 20/20 sóknaráætlun og Framtíðarskipulag stoðstofnanna*.

Meðal annarra verkefna má nefna *Þorpið* sem er verkefni unnið samstarfi Þróunarfélagsins, Menningarráðs Austurlands, Þekkingarnets Austurlands og fleiri aðila, en það snýst um að byggja upp aðstöðu og tengja saman aðila sem vilja þróa vörur sínar m.a. í trésmíði og textíl. *Vistvænar samgöngur* er verkefni sem Þróunarfélagið hefur verið að vinna að með verkfræðistofunni Mannvit þar sem verið er að skoða hvers konar vistvænir orkugjafar eru til staðar á Austurlandi og hverja af þeim er hagkvæmast að nýta fyrir svæðið.

Ásamt framantöldu var ráðgjafarstarfi sinnt víðsvegar um fjórðunginn þar sem íbúum og fyrirtækjum hefur gefist kostur á því að leita til félagsins með hugmyndir.

Sendar voru út 61 frétt á heimasíðu ÞFA en á póstlistanum eru u.þ.b. 250 einstaklingar – Sett var á laggirnar Facebook síða sem hefur verið þónokkuð vinsæl og margir sem fylgjast með fréttum af félaginu á þeim vettvangi.

2.1 Yfirlit yfir verkefni starfsmanna

Um síðustu áramót var tekið í notkun verkbókhaldskerfi starfsmanna þar sem skráðir eru tímar á þau verkefni sem unnin eru hverju sinni. Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir tímanýtingu starfsmanna (fjöldi tíma og hlutfall af heild):

Alþjóðleg verkefni	1781	27,80%
Atvinnuþróunarsjóður	119,5	1,87%
Austfirskar krásir	78,5	1,23%
Ál-kaplar	242,5	3,79%
Frí	304	4,75%
Fundir og námskeið	185,5	2,90%
Nýfjárfestingar á Austurlandi	420	6,56%
Skrifstofa	241	3,76%
SSA	203	3,17%
Stærri verkefni (yfir 16 tímar)	219,5	3,43%
Vaxtarsamningur	329,5	5,14%
Veikindi og veikindi barna	370	5,78%
Viðvera, frumkvöðlar, umsóknir og smærri verkefni	672,5	10,50%
Ýmis innanhúsmál	835	13,04%
Þorpið	192,5	3,01%
Önnur álverkefni	211	3,29%
	6405	100,00%

3. FUNDIR

Haldnir voru fjórir stjórnarfundir á fyrstu sex mánuðum ársins, ásamt því að aðalfundur félagsins var haldinn í Végarði í Fljótsdal þann 29. apríl. Fundargerðir stjórnarfunda má sjá í *Viðauka 2*. Ásamt stjórnarfundum hittist framkvæmdaráð Þróunarfélagsins reglulega, en það skipa Auður Anna Ingólfssdóttir, Guðmundur Ólafsson, Andrés Skúlason og Vilhjálmur Jónsson.


Frá áramótum hefur verið reynt að halda starfsmannafundi vikulega þar sem farið ef yfir verkefni starfsmanna og ýmislegt er tengist félaginu. Á fyrstu sex mánuðum ársins voru haldnir 16 starfsmannafundir hjá Þróunarfélaginu.

Aðrir fundir sem sóttir voru á tímabilinu voru m.a. fundur framkvæmdastjóra og formanns ÞFA með iðnaðarráðherra ásamt því að farið var fund Byggðastofnunar í Skagafirði. Framkvæmdastjóri sat aðalfund Byggðastofnunar á vormánuðum og auka-aðalfund SSA í apríl.

4. UPPGJÖR

Staðan á rekstri félagsins eftir fyrstu sex mánuði ársins 2010 mætti vera betri. Hins vegar var gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2010 að rekstrarkostnaður félagsins myndi verða meiri á þeim tíma heldur en á seinni hluta ársins. Þetta skýrist aðallega af því að á fyrri hluta ársins voru allt upp í sjö stöðugildi hjá félaginu og því launakostnaður hár.

Staðan á tékkareikningi Þróunarfélagsins þann 30. desember 2009 var mínus kr. 2.957.365 og þann 30. júní mínus kr. 5.754.028. Á meðfylgjandi línuriti má sjá yfirlit yfir þróun tékkareiknings félagsins frá síðustu áramótum.



Fyrir árslok 2010 eiga að berast félaginu greiðslur vegna evrópuverkefna að upphæð rúmlega 45.000 EURO vegna NPP verkefna eða um sjö milljónir íslenskra króna (fer eftir gengi íslensku krónunnar gagnvart evru) fyrir verkefni sem var unnið að frá miðju ári 2009 fram til loka mars 2010.

Í október n.k. verður send inn önnur *krafa* vegna NPP verkefna og er áætlað að hún hljóði uppá 20.000-30.000 EURO. Síðan verður gerð *krafa* á sex mánaða fresti með sambærilegri upphæð, allt eftir framvindu, vinnu og kostnaði við NPP-verkefni, þangað til þeim lýkur um mitt ár 2012.

Sex mánaða uppgjör

Rekstrarreikningur ÞFA

tölur í þús. kr.

		skv. áætlun 2010	raun Jan/Jún		Skv. ársreikningi 2009	
Rekstrartekjur	(Tekjufors)	49.944,00	29.746,08	59,56%	52.689,39	
Leigutekjur		456	443	97,25%	670,08	(aðrar tekjur)
		50.400,00	30.189,53	59,90%	53.359,47	57%
Rekstrargjöld		2010	Jan/Jún		2009	
Laun og launatengd gjöld		35.500,00	23.088,85	65,04%	33.203,40	
Almennur rekstrarkostnaður		14.852,72	12.172,84	81,96%	17.390,60	
Afskriftir					1.516,57	
		50.352,72	35.261,69	70,03%	52.110,56	68%

*miðað við sex mán. uppgjör

Hagnaður/-tap án fjármagnsliða	47,28	-5.072,16
---------------------------------------	--------------	------------------

Tekjuforsendur ÞFA

tölur í þús. kr.

	2010	Jan/jún		Skv. ársreikningi 2009	
Framlög Byggðastofnunar*	18.744,00	9.357,11	50%	19.868,82	47%
Árgjöld	3.300,00	2.941,00	89%	3.243,90	91%
Framlag Atvinnuþróunarsjóðs	5.500,00	5.500,00	100%	5.500,00	100%
Sérverkefni alls	22.400,00	11.947,97	53%	24.076,66	50%
-Evrópuverkefni	8.900,00	1.022,96	11%		
-Vöktunarverkefni					
-SSA**	2.000,00	1.320,50	66%		
-VAXA	5.500,00	1.000,00	18%		
-Verkefnasjóður Byggðastofnunar	3.500,00	1.925,00	55%		
- Annað ***	2.500,00	6.679,51	267%		
	49.944,00	29.746,08	60%	52.689,39	56%

*Skerðing vegna 2010; 6,6%

**Austurland eitt sveitarfélag o.fl.

*** Atvinnuþróunarsjóður, Alcoa, Álkaplar og fleira.

Leigutekjur

Mannvit		200,89	
Nýsköpunarmiðstöðin	465	232,56	50%
	465	433,448	93%

Útgjaldaforsendur ÞFA

tölur í þús. kr.

áætlun

	2010	Jan/Jún	
Laun og launatengd gjöld	35.500,00	23.032,28	65%
Önnur gjöld (starfsmannakostnaður)	50,00	56,57	113%
Aðkeypt þjónusta	1.500,00	2.380,99	159%
Húsnæðiskostnaður	2.360,00	1.068,65	45%
Rekstur áhalda og tækja	700,00	148,78	21%
Aðkeyptur akstur og dagpeningar	3.200,00	3.361,71	105%
Rekstur bifreiðar	1.275,00	458,93	36%
Skrifstofukostnaður	2.025,00	1.586,81	78%
Stjórnun og umsýsla	2.800,00	1.671,36	60%
Vátryggingar	67,72	11,01	16%
Kostnaður vegna Evrópuverkefna	0,00	1.274,48	

skv. ársreikn.

Laun og launatengd gjöld	2010	2009	
Laun	18.950,20	27.622,75	69%
Tryggingagjald	1.851,38	1.969,87	94%
Lífeyrissjóður	1.862,93	2.758,41	68%
Stéttarfélagsgjöld	367,76	464,93	79%
Áfallið orlof	0,00	387,44	
	23.032,28	33.203,40	69%

Önnur gjöld (starfsmannakostnaður)	2010	2009	
Námskeið	7,50	0,00	
Árshátið o.fl.	6	267,64	2%
Heilsuefling	41,67	145,07	2%
Sjúkrakostnaður	1,40	0,00	29%
	56,57	412,71	14%

Aðkeypt þjónusta	2010	2009	
Mánatölvur	253,86		
Tommasari ehf.	1.927,13		
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	200,00		
	2.380,99	1.559,63	153%

Húsnæðiskostnaður	2010	2009	
Rafmagn	118,89	346,53	34%
Hiti	32,97	63,90	52%
Húsfélagsgjöld	410,17	852,61	48%
Fasteignagjöld og lóðarleiga	78,38	180,78	43%
Húsaleiga	428,25	140,29	305%
Rekstur skrifstofuhúsnæðis	0,00	92,56	0%
Viðhald fasteignar	0,00	413,14	0%
Hlutdeild í rekstri sameignar	0,00	259,22	0%
Vátryggingar	29,66	27,88	106%
	1.068,65	2.376,89	45%

Rekstur áhalda og tækja	2010	2009	
Viðhald prentara og tölva	148,78	538,38	
	148,78	538,38	28%

Kostnaður vegna Evrópuverkefna	2010	
Smallest	1.169,48	
Byggðastofnun	105,00	
	1.274,48	

skv. ársreikn

Aðkeyptur akstur og dagpeningar	2010	2009	
Dagpeningar starfsfólks	1.581,11	3654,69	43%
Dagpeningar stjórn Þróunarfélagsins	234	360	65%
Dagpeningar Atvinnuþróunarsjóðs	112,05	28	400%
Akstur stjórn Þróunarfélagsins	135,729	299,72	45%
Akstur stjórn Atvinnuþróunarsjóðs	244,233	48,85	500%
Ferðakostnaður innan Austurlands	15	267,526	6%
Ferðakostnaður utan Austurlands	1.039,59	1.028,62	101%
	3.361,71	5.686,41	59%
Akstur starfsfólk Þróunarfélagsins	210,123	883,75	24%

Rekstur bifreiðar	2010	2009	
Eldsneyti	120,17	667,92	18%
Viðhald bifreiðar	316,59	291,67	109%
Skattar og vátryggingar	22,16	184,36	12%
	458,93	1.143,97	40%

Skrifstofukostnaður	2010	2009	
Sími	456,83	1202,81	38%
Burðargjöld	24,90	37,87	66%
Blöð og timarit	32,75	100,20	33%
Kaffikostnaður	64,54	77,42	83%
Pappír, prentun og ritföng	156,63	174,89	90%
Rekstur vefsíður og hugbúnaðar	851,17	133,63	637%
	1.586,81	1726,81	92%

Stjórnun og umsýsla	2010	2009	
Endurskoðun og reikningsskil	501,53	695,72	72%
Lögfræðikostnaður	484,88	181,15	268%
Endurgreiddur ferðakostnaður	-157,42		
Ráðgjafarþjónusta í stefnumótun	221,50	1.605,53	14%
Funda- og viðskiptakostnaður	137,27	666,44	21%
Risna og gjafir	103,93	149,23	70%
Félags- og aðildargjöld	21,34	0,00	
Auglýsingar	358,33	1.036,81	35%
	1.671,36	4334,88	

Vátryggingar	2010	2009	
Skrifstofubúnaður	0,00	39,64	
Slysatrygging launþega	11,01	28,08	39%
Slysatrygging lausafé	0	81,15	
	11,01	148,87	7%

5. NÆSTU SKREF

Á næstu misserum er mikilvægt að félagið nái að lækka yfirdráttarheimild sína. Eftir töluverð útgjöld á fyrstu sex mánuðum ársins má búast við meiri stöðugleika í útgjöldum á næstu misserum. Ef tekið er tillit til þeirrar kröfu sem félagið mun eiga inni vegna vinnu við evrópuverkefni í árslok 20.000 - 30.000 Euro (3-4,5 milljónir) líta reikningar félagsins mun betur út, en samt sem áður á það að vera kappsmál að lækka yfirdráttarheimildina til að draga sem mest úr vaxtagreiðslum félagsins.

Samningur félagsins við Byggðastofnun rennur út um næstu áramót og því má búast við því að nú fljótlega á haustmánuðum hefjist vinna við gerð nýja samninga. Vonir standi til að ekki verði skorið niður til reksturs félagsins og það geti því haldið áfram því öflugra starfi sem það hefur sinnt í fjórðungnum hingað til. Þróunarfélagið hefur átt mjög gott samstarf við Byggðastofnun og verið samstarfsaðili og tengiliður þess við aðila á Austurlandi í ýmsum verkefnum sem m.a. tengjast lánastarfsemi, upplýsingagjöf og öðrum verkefnum, eins og t.d. *Sóknaráætlun 20/20 & Vaxtarsamningi*, en vinna við þau verkefni er fjármögnuð af rekstrarfé sem félagið fær frá Byggðastofnun.

Á síðasta aðalfundi SSA var samþykkt að skoða framtíðarskipulag stoðstofnanna á Austurlandi með aukna samvinnu og/eða sameiningu í huga. Þetta verkefni er enn í vinnslu og vonir standa til að því ljúki næsta vetur. Þróunarfélagið hefur átt mjög gott samstarf við SSA og stoðstofnanir í gegnum tíðina og unnið náið með þeim að ýmsum verkefnum. Á haustmánuðum er einnig stefnt að opnun sameiginlegrar heimasíðu Þróunarfélagsins, Atvinnuþróunarsjóðs, Vaxtarsamnings, Menningarráðs, Markaðsstofu og SSA, þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um alla þessa aðila á einum stað.


Eins er nefnd að störfum sem skoðar aukna samvinnu atvinnuþróunarfélaga við starfsstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á landsbyggðinni.


Verkefnin framundan eru margþætt. Ljóst er þó að áherslur félagsins í verkefnavali munu að einhverju leiti taka mið af niðurstöðum fundar sem haldinn var á Austurlandi í janúar s.l. undir merkjum *Sóknaráætlunar 20/20* en þar skilgreindu íbúar Austurland helstu sóknartækifæri svæðisins, en þau eru (í handahófskenndri röð):

- Vatnajökull og hálendi
- Náttúran, jarðfræði, víðerni...
- Hreindýr
- Drekasvæðið
- Hallormsstaðarskógur
- Nálægð við Evrópu - Samgöngumannvirki
- Álheimar – úrvinnsla á áli
- Vistvænn landbúnaður
- Austurland – eitt sveitarfélag
- LungA og 700IS
- Uppsjávarfiskur

Nú þegar er félagið að vinna að ýmsum verkefnum sem tengist þessum áherslum víða um fjórðunginn og mikilvægt að hlúa vel að þeirri vinnu áfram.

Viðauki 1 – Verkefnakort starfsmanna





Viðauki 2 - Fundargerðir stjórnar

Stjórnarfundur Þróunarfélags Austurlands

Fundarsal ÞFA, Miðvangi 2-4, 26. janúar 2010 kl. 15:00-16:30

Mætt voru:

- Auður Anna Ingólfssdóttir, Andrés Skúlason, Páll Baldursson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson, Vilhjálmur Jónsson ásamt Hafliða H. Hafliðasyni (framkvæmdastjóra ÞFA)

Fjarverandi:

- Guðmundur Ólafsson, Lars Gunnarsson & Jóhann Már Róbertsson
-

Dagskrá fundarins:

1. Rekstraráætlun
2. Fundir með Byggðastofnun og fundur hjá lðnaðarráðherra
3. Framkvæmd stefnumótunar og forgangsmál.
4. Vaxtasamningur Austurlands
5. Helstu verkefni Þróunarfélags Austurlands.
 - Innlend verkefni
 - Erlend verkefni og ávinningur þeirra
6. Fundartímar Þróunarfélagsins
7. Önnur mál

1. Rekstraráætlun:

Hafliði fór yfir þau drög sem nú liggja fyrir fundinum um fjárhagsáætlun ársins 2010. Þar kom fram að áætlað er að tap verði á árinu uppá 5,3 millj. kr. Vandlega hafi verið farið yfir tekjuforsendur félagsins fyrir árið 2010 og af Hafliða er áætlunin talin varfærin og raunhæf. Nokkur umræða um einstaka liði í tekjuforsendum. Þá farið yfir kostnaðaliði áætlunarinnar. Svigrúmið til að mæta hallanum er einkum í því falið að ráða ekki í afleysingar fyrir þá starfsmenn sem fara í fæðingarorlof á árinu. Aðra umræður um fjárhagsáætlunina. Páll Björgvin ræddi mikilvægi þess að vinna áætlun félagsins fyrir lok hvers árs fyrir næsta fjárhagsár eða um svipað leyti og sveitarfélögin ákveða sínar fjárhagsáætlanir. Benti á að skv. lögum félagsins ætti að leggja fram fjárhagsáætlun á aðalfundi en þá sé komið langt fram á fjárhagsárið sjálft sem hlyti að vera gölluð aðferð. Undir það tekið að breyta þyrfti lögum á þann hátt að fjárhagsáætlun yrði samþykkt fyrir hvert fjárhagsár og samþykkt formlega þá. Frekari umræða um fjárhagsáætlunina og mikilvægt að henni yrði formlega lokið og afgreidd í stjórn. Framkvæmdastjóra falið að vinna ýtarlegri áætlun fyrir næsta stjórnarfund þar sem m.a. kæmi fram sjóðstreymi fyrir árið 2010 m.v. fyrirbyggjandi rekstraráætlun og þá hvernig unnið yrði á þeim halla sem fyrirsjáanlegur er á árinu. Mikilvægt væri að fjárhagsáætlunin gengi upp og fjárhagurinn allur á fjárhagsárinu

2. Fundir með Byggðastofnun og fundur hjá lðnaðarráðherra

Hafliði og Auður áttu fundi með Byggðastofnun (19. janúar) og lðnaðarráðherra (21. janúar). Á þessum fundum var m.a. farið yfir fjármál félagsins, verkefnastöðu, Sóknaráætlun 2020 og fyrirhugaðan Vaxtarsamning Austurlands. Spjallað var um þá vinnu sem er í gangi á Austurlandi varðandi samvinnu/sameiningu stoðstofnana á Austurlandi.

Fram kom hjá Byggingastofnun að úthlutun til ÞFA á þessu ári yrði líklega um 6% lægri en á árinu 2010. Iðnaðarráðherra lýsti yfir ánægju með aukna samvinnu stoðstofnanna á Austurlandi og að unnið væri að því innan ráðuneytisins að klára Vaxtarsamninga til undirritunar.

3. Framkvæmd stefnumótunar og forgangsmál

Stjórn sammála um að halda áfram að fylgja eftir þeim tillögum sem fram komu í skýrslunni hjá Páli Kr. Hafliði sagði frá því að Þróunarfélagið væri nú orðið sýnilegt á Facebook.

4. Vaxtarsamningur Austurlands

Eins og fram kom fyrr á fundinum, þá er unnið að því að klára Vaxtarsamninga innan iðnaðarráðuneytisins. Stjórnarmenn fengu send drög að samningnum fyrir Austurland með fundarboði. Hafliði gat þess að í gær hefði verið sendur tölvupóstur frá ráðuneytinu þar sem gert er ráð fyrir að skrifað verði undir samninga í næstu viku. Áætlað er að Vaxtarsamningur Austurlands fái 20 milljónir kr. á árinu 2010. Samþykkt að framkvæmdastjóra sé falið að undirrita samninga fyrir hönd ÞFA.

5. Helstu verkefni ÞFA

Hafliði ítrekaði verkefnakort sem afhent var stjórnarmönnum á fundi í desember s.l. Verkefni eru þau sömu og komu fram á því korti. Fram kom að Vöktunarverkefnið er að klárast og stefnt er að því að ljúka því formlega í febrúar n.k.

6. Fundartímar ÞFA

Næsti fundur stjórnar ÞFA er áætlaður 23. febrúar n.k.

7. Önnur mál

* Búið er að undirrita leigusamning við Nýsköpunarmiðstöð vegna leigu á rými í Miðvangi 2-4 á Egilsstöðum

* Fundarmenn töluðu um að leiga vegna skrifstofuaðstöðu á Reyðarfirði sé há. Hafliði segir að unnið sé að lausn málsins.

*Ormar Örylgsson hefur hafið störf hjá ÞFA og mun starfa til 1. maí n.k. Alcoa-Fjarðaál borgar laun en ÞFA útvegar aðstöðu. Ormar mun sjá um að fylgja eftir niðurstöðum úr stefnumótunarvinnunni sem snúa að því að bjóða fyrirtækjum uppá aðstoð varðandi rekstur. Ormar mun einnig koma að álverkefnum ÞFA.

Hafliði H. Hafliðason

Stjórnarfundur Þróunarfélags Austurlands

Haldinn í fundarsal ÞFA. Miðvangi 2-4 23. febrúar 2010 kl. 14:00-16:00

Mætt voru:

- Auður Anna Ingólfssdóttir, Andrés Skúlason, Páll Baldursson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Guðmundur Ólafsson í síma, ásamt Hafliða H. Hafliðasyni framkvæmdastjóra ÞFA sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi:

- Páll Björgvin Guðmundsson, Lars Gunnarsson & Jóhann Már Róbertsson

Gestur:

- Sigurjón Jónasson, bókarí sat undir fyrsta lið
-

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun 2010
2. Nýir samningar við starfsfólks ÞFA
3. Málefni Stefáns Stefánssonar
4. Stefna ÞFA
5. Önnur mál

1. Fjárhagsáætlun 2010:

Hafliði kynnir uppfærða fjárhagsáætlun fyrir 2010. Helstu breytingar eru þær að í nýjum ráðningasamningum starfsfólks ÞFA sem kynntir voru á fundinum er ekki gert ráð fyrir að greiða fasta aksturs- og dagpeninga. Þá er framkvæmdastjóra falið að ná fram lækkun á leigugreiðslum fyrir húsnæði ÞFA á Reyðarfirði. Áætlunin gerir ráð fyrir örlitlum hagnaði á árinu 2010.

Sigurjón Jónasson fer yfir drög að ársreikningi fyrir árið 2009. Tap félagsins er áætlað um tvær milljónir króna þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta.

2. Nýir samningar starfsfólks ÞFA

Hafliði kynnti nýja ráðningasamninga við starfsfólk ÞFA. Áhersla er lögð á starfsmenn lækki ekki í útborguðum launum en hætt verður að greiða fasta dagpeninga- og akstursþóknun s.b.r. lið 1. Samningagerðin hefur staðið meira og minna frá áramótum í nánú samstarfi við BHM ásamt því að Mánaatölvur og VR hafa veitt ráðgjöf.

Hafliða falið að bera nýja ráðningasamninga undir starfsfólk ÞFA.

3. Málefni Stefáns Stefánssonar

Borist hefur bréf frá lögmanni Stefáns Stefánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra.

Jóni Jónssyni lögmanni er falið að vinna málið áfram.

4. Stefna ÞFA

Hafliði og Auður skýrðu frá að vinna SSA með fulltrúum stoðstofnanna á Austurlandi væri í fullum gangi og í ljósi þess væri því erfitt að fastmóta stefnu ÞFA á þessum tímapunkti. Áætlað er að vinnu SSA með stoðstofnunum ljúki í apríl, en næsti fundur vinnuhópsins er fyrirhugaður 8. mars.

Auður sagði frá greiningu á stoðkerfinu sem Ormarr Örlygsson, starfsmaður ÞFA hafi sent á hana og Hafliða. Greining Ormarrs rímar vel við það sem er í gangi hjá vinnuhópi SSA og stoðkerfis. Ákveðið að senda greininguna á stjórnarmenn til skoðunar.

Hafliði fjallar stuttlega um einstök verkefni starfsmanna og getur þess jafnframt að nánast tvö stöðugildi séu bundin í Evrópuverkefnum. Hafliða falið að koma með tillögum að því hvernig best sé að skipta starfsmönnum niður á verkefni.

Hafliði greinir frá því að á fundi framkvæmdastjóra atvinnuþróunarfélaga hafi hann opnað á umræðu um samskipti við útibú Nýsköpunarmiðstöðvarinnar. Svo virðist sem almenn ánægja sé með störf Nýsköpunarmiðstöðvar þar sem starfsstöðvar hafi verið settar upp. Samskiptaerfiðleikar hafi komið upp í byrjun vegna skörunar verkefna í Þingeyjarsýslum og á Austurlandi hjá atvinnuþróunarfélögum og Nýsköpunarmiðstöð. Hafliði tekur fram að í dag gangi samstarf við Nýsköpunarmiðstöð vel og m.a. sé verið að vinna með þeim spennandi verkefni um frumkvöðlasetur tengt áliðnaði sem hlotið hefur nafnið Álheimar.

5. Önnur mál

Undir þessum lið voru kynnt viðbrögð frá Sverri Alberssýni framkvæmdastjóra Afis í tölvupósti þar sem framkvæmdastjóri ÞFA hafði leitað eftir því að fá lækkaða leigu á skrifstofuhúsnæði ÞFA á Reyðarfirði. Hafliða falið að vinna áfram að málinu.

Hafliði H. Hafliðason

Framkvæmdastjóri ÞFA

Stjórnarfundur Þróunarfélags Austurlands

Haldinn á Kaffi Sumarlína á Fáskrúðsfirði 19. apríl 2010 kl. 17:30-19:00

Mætt voru:

- Auður Anna Ingólfssdóttir, Andrés Skúlason, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Páll Baldursson, Lars Gunnarsson, Katrín Reynisdóttir (varamaður fyrir Vilhjálmi), Hafliði H. Hafliðason framkvæmdastjóri ÞFA ásamt Ingibjörgu Jónsdóttur sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi:

- Guðmundur Ólafsson, Vilhjálmur Jónsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Jóhann Már Róbertsson
-

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur
2. Stjórnarseta
3. Framtíðarskipulag stoðstofnanna og SSA
4. Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra
5. Fjárhagsstaða og verkefnastaða
6. Hvatningarverðlaun
7. Önnur mál

1. Ársreikningur

Hafliða gefið orðið. Ársreikningur kynntur og jákvæðar breytingar frá síðasta fundi en þá var talað um að tapið yrði líklega um 2 milljónir. Tapið reyndist hinsvegar tæplega milljón kr þegar upp var staðið vegna tekna sem komu inn af Vöktunarverkefninu. Önnur breyting á ársreikningi er að búið er að taka inni orlofsskuldbindingar, sem hefur ekki verið gert fyrr. Hafliði segir að Þróunarfélagið sé byrjað að færa bókhaldið sjálf. Áréttað af KPMG að ekki sé heimilt að sami aðili annist bókhald og greiði reikninga. Hafliði annast því greiðslu reikninga og Ingibjörg bókar. Andrés spyr um endurgreiddan kostnað í ársreikningi. Það er vegna Evrópuverkefna skv. Hafliða.

Endurskoðunarskýrsla kynnt: Auður og Hafliði fara yfir niðurstöður varðandi athugasemdir endurskoðenda varðandi rekstrarkostnað og innra eftirlit. Stjórnarmenn skrifa undir ársreikninginn.

2. Stjórnarseta

Hafliði leggur fram tillögu um að það verði auka-aðalfundur og að sama stjórn sitji áfram til þess tíma er tekist verður á um breytingar á stoðstofnakerfinu, jafnvel fram að áramótum þar sem áætlað er að breytingar verði þá. Hafliði óskar því eftir að fá að leggja til á komandi aðalfundi að óbreytt stjórn sitji áfram fram til áramóta. Stjórn samþykk þessu fyrirkomulagi svo fremi sem Aðalfundur verði sama sinnis.

3. Framtíðarskipulag stoðstofnanna og SSA

Auður segist vera ósátt og að sveitafélögin séu að taka til sín mikið vald, eins og Þróunarfélagið, Markaðsstofuna og taka út vægi atvinnulífsins í yfirstjórn. Andrés segir að samkvæmt greinargerð stýrihópsins líti helst út fyrir að verið sé fyrst og fremst að styrkja stöðu SSA. Andrés hefði viljað að áður en auka - aðalfundur SSA var haldinn hefðu allar

stofnanir og stjórnir þeirra verði búnar að fara yfir tillögur stýrihópsins. Andrés bætir því við að það sé engu að síður ýmislegt í tillögugerð stýrihópsins sem megi nýta til áframhaldandi vinnu. Katrín spyr hvort að engin samvinna hafi verið í þessu. Hún fær það svar að allar stoðstofnanir hafi fengið að koma með hugmyndir en í lokin var þetta álit stýrihópsins og hann leggur þetta fram á endanum. Gunnþórunn spyr hver ávinningurinn sé þar sem fólk finnst þetta frekar flókið. Bera þarf þessa hugmynd undir aðalfund Þróunarfélagsins og gera grein fyrir henni þar. Álit stjórnar nauðsynlegt ásamt því að móta tillögur fyrir aðalfund SSA í haust.

4. Fjárhags- og verkefnastaða

Liður 4 færður í lok fundar. Hafliði og Ingibjörg víkja af fundi. Gengið frá ráðningasamningi við Hafliða Hörð Hafliðason. Samningi breytt í samræmi við breytingar á öllum samningum við starfsmenn félagsins. Í viðauka við ráðningasamninginn er Hafliða falið að vera framkvæmdarstjóra Þróunarfélags Austurlands tímabundið eða þar til ráðinn hefur verið framkvæmdarstjóri að auglýsingaferli loknu.

5. Fjárhags- og verkefnastaða

Hafliði tók saman 3 mánaða uppgjör og leggur það fram. Hafliði útskýrir uppgjörið. Býst við lækkun á launalið og að tekjuflæði komi ekki inn fyrir en á haustdögum. Árgjöld eru ósend. Farið yfir hvaða verkefni eiga eftir að koma inn sem hækka tekjurnar. Mannvit ætlar að taka á leigu skrifstofuherbergi hjá Þróunarfélaginu. Rætt um of hátt leiguverð á skrifstofu Þróunarfélagsins á Reyðarfirði. Búið að fá tilboð á sama stað með sambærilega aðstöðu fyrir 50.000 kr. lægra verð á mánuði. Ákveðið bjóða fyrst núverandi leigusala að lækka verð um 50.000 kr, að öðrum kosti að segja upp leigunni og taka því sem lægra býðst. Auður spyr um váttryggingar. Ákveðið að fela Hafliða að leita tilboða í allan tryggingrakkann hjá Þróunarfélaginu. Ástæða fyrir hækkun á dagpeningum eru meiri fundarhöld. Bílakostnaður frekar hár vegna viðgerðar. Andrés spyr eftir viðveru Þróunarfélagsins hjá sveitafélögum. Hafliði nefnir að hugmynd hafi verið um Skype þjónustu. Rætt um mikilvægi þess að kynna betur starf Þróunarfélagsins út á við.

6. Hvatningarverðlaun

Rætt um að frestur sé til 21. apríl og því ekki hægt að taka ákvörðun núna. Tölvupóstur með tilnefningum verður sendur út til stjórnarmanna þegar frestur er runnin út.

7. Önnur mál

Hafliði óskar eftir að stjórn skrifi undir prófkúru svo framkvæmdastjóri hafi aðgang að reikningum félagsins. Fundurinn með Kapal fjárfestum var jákvæður og framvinda mála ætti að skýrast eftir mánuð. Samningur við Ormarr Örlygsson rennur út um næstu mánaðarmót. Hafliði vill gjarnan halda samstarfinu við Ormarr áfram. Alcoa reiðubúið að styrkja félagið til endurráðningar á Ormari. Ormar er nýttur til margra verkefna sem fólk hefur verið ánæggt með. Hafliða falið að ræða frekar við Ormarr um framhaldið m.a. með tilliti til launakrafna og þá lengd hugsanlegs ráðningasamnings. Hafliði mun halda stjórn upplýstri um gang þessara viðræðna.

Auður leggur fram hugmynd að fyrirtæki sem eru með 50-500 starfsmenn greiði 400.000 kr. árgjald á ári.

Að öðru leyti verði tekin afstaða til árgjalds á Aðalfundi félagsins.

Ingibjörg Jónsdóttir

Stjórnarfundur Þróunarfélags Austurlands 29.apríl 2010

Félagsheimilinu Végarði í Fljótsdal. 29. apríl 2010 kl. 14:00-15:00

Mættir: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Páll Baldursson, Lars Gunnarsson, Páll Guðmundsson, Hafliði Hafliðason, Auður Anna Ingólfssdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Ingibjörg Jónsdóttir sem ritar fundargerð

Dagskrá:

1. Tillaga að félagsgjöldum, lagt til að þau verði óbreytt. Páll Guðmundsson leggur til að hækkunarverði miðaðar við verðlagsbreytingar síðasta árs þar sem reksturinn er í járnnum, þá myndu tekjuforsendurnar styrkjast hóflega. Lars er ekki sammála vill frekar hækka í haust í kjölfar nýrrar stjórnar, gæti fælt frá lítil fyrirtæki. Auður og Gunnþórunn sammála Lars. Páll Guðmundsson telur hækkunina ekki vera mikla. Rætt um að stór félög séu til í að koma inní félagið aftur. Auður vill að stefnt verði að því að löggesta að félagsgjöld fari hækkandi eftir verðlagsbreytingum. Samþykkt að bíða með ákvörðun til aðalfundar.
2. Skýrsla stjórnar liggur fyrir skv. Auði. Auður tilkynnir að hún ætli að vera með örstutta skýrslu á aðalfundi og bera undir stjórn skýrsluna.
3. Hafliði gerir grein fyrir fundi með Sverri Albertssyni vegna húsaleigu Þróunarfélagsins á Reyðarfirði þar sem honum voru gerð grein fyrir óásættanlegu leiguverði. Sverrir svarar með þeirri tillögu að annaðhvort yrði leigunni sagt upp eða að Hafliði, Sverrir og Stefánía Kristinsdóttir framkvæmdastjóri Þekkingarnets setjist niður og skoði þá möguleika að lækka leiguna. Stjórn sammála að ná leigu niður ef það tekst ekki að segja upp samning við Afl og leita annarra ódýrrar leiða.
4. Þróunarfélagið og Mannvit skrifuðu undir leigusamning vegna skrifstofuaðstöðu í húsnæði Þróunarfélagsins. Aðstaða sem Markaðsstofan hefur hingað til haft aðsetur endurgjaldslaust. Verður leigt út á ca. 35.000 kr. mánuði eða um 1.200 kr. fm.
5. Hafliði fer yfir framvindu mála er tengjast áframhaldandi vinnu með Ormarri Örlygssyni og mögulega aðkomu Alcoa-Fjarðaráls.
6. Fjarðaprif valið sem viðtakandi Hvatningaverðlauna 2010
7. Páll Guðmundsson leggur til að félagið geri yfirlit yfir sjóðstreymi þess. Páll er ánægður með þriggja mánaða rekstrarskýrslu sem Hafliði lagði fram fyrir stjórn.

Fundi slitið kl. 15:00 - Ingibjörg Jónsdóttir

Aðalfundur Þróunarfélags Austurlands

Félagsheimilinu Végarði í Fljótssdal. 29. apríl 2010 kl. 15:00-17:00

Dagskrá aðalfundar:

1. *Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári*
2. *Ársreikningur félagsins lagður fram*
3. *Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda*
4. *Félagsstjórn leggur fram tillögur að félagsgjöldum og fjárhagsáætlun næsta árs*
5. *Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna*
6. *Framtíðarskipulag SSA og stoðstofnanna*
7. *20/20 Sóknaráætlun*
8. *Vaxtarsamningur Austurlands*
9. *Önnur mál*
10. *Veiting hvatningarverðlauna Þróunarfélags Austurlands*

Auður biður gesti velkomna. Gunnþórunn Ingólfssdóttir kosin fundarstjóri og Ingibjörg Jónsdóttir fundarritari.

1. Auður Anna Ingólfssdóttir flytur skýrslu stjórnar.

2. Hafliði leggur fram ársreikning Þróunarfélagsins 2009. Ársreikningur gefur glögga mynd af rekstri Þróunarfélagsins að sögn KPMG. Tap á rekstri uppá 960.000 kr. Orlofsskuldbindingar skýra hækkun á skammtímaskuldum. Hafliði óskar eftir athugasemdum á skýrslu stjórnar og ársreikning. Fyrirspurn um eignarhlut í öðrum félögum. Sigurjón Jónason svarar henni. Engar fleiri fyrirspurnir. Ársreikningur samþykktur.

3. Lagt til að núverandi stjórnarmenn og endurskoðendur sitji áfram fram að auka aðalfundi sem verður í haust vegna vinnu SSA og stoðstofnanna. Tillaga samþykkt.

4. Gunnþórunn leggur fram tvær tillögur: Halda sömu upphæð og frá síðasta ári eða að fylgja verðlagsbreytingu. Gunnþórunn biður um álit fundargesta. Skúli biður um útskýringu á hvernig félagsgjöldum er háttað. Hafliði útskýrir það. Páli Guðmundssyni gefið orðið. Hans álit að hækka eftir verðlagsbreytingum. Gunnþórunn segir sjónarmið sitt á að hækka ekki í kjölfar mögulegar breytinga á stjórnasetu í haust. Lars gefið orðið. Hann vill óbreytt félagsgjöld, vegur lítið í fjárhag félagsins en hins vegar vegur talsvert þungt í að halda í meðalstór og lítil fyrirtæki til að taka þátt í starfi Þróunarfélagsins. Skoða hækkun frekar á næsta ári. Ormarr tekur til máls: Hans tillaga er að sveitarfélögin taki meiri þátt og hækki sitt framlag og láti fyrirtækin standa í stað. Vinna á þeim stóru fyrirtækjunum sem hættu að greiða félagsgjöld og reyna að fá þau aftur inn. Lars telur fundinn ekki geta komist að einni tillögu, nokkuð viss um að sveitafélögin vilji ekki hækka sín framlög. Leggur til að leggja málið í hendur stjórnar. Björk Sigurgeirsdóttir vill minna á að Þróunarfélagið fær minnsta framlagið frá sveitarfélögum á austurlandi. Þórarinn Sverrisson kemur fram með að Fljótssdalshérað hafi ákveðið að lækka framlag til stoðstofnanna og telji ólíklegt að hægt sé að fá frekari framlag frá þeim. Auður telur að það sem farið hefur fram á fundinum sýni hvað viðræðurnar eru mikilvægar. Nauðsynlegt er að fjármál komi uppá borðið þegar verið er að fjalla um sameiningu stoðstofnanna. Tillaga samþykkt að halda félagsgjöldum óbreyttum og tillaga verði tekin í haust og vísað til stjórnar.

Hafliði leggur fram rekstraráætlun Þróunarfélagsins. Byggðastofnun verður stærsti bakhjarl Þróunarfélagsins og aukning á umfangi Evrópuverkefna. Búist við hækkun á launum og launatengdum gjöldum, niðurskurður hefur verið reyndur eftir fremsta megni og komið fram á 3 mánaða uppgjöri að félagið sé nokkurvegin á réttri leið. Stefnt að því að reka þetta réttu megin við núllið. Fyrirspurn um liðinn „aðrar tekjur“. Sigurjón Jónasson bókarar svarar henni. Páll Baldursson fær orðið. Vill benda á að hrósa megi Þróunarfélaginu fyrir betri skipulag á bókhaldi fyrirtækisins og vísar til 3 mánaða uppgjörs. Bendi þó á að sér finnist frekar skrýtið að bókið sé að gera rekstraráætlun en samt sé ákveðið að fresta hækkun félagsgjalda. Með hækkun væri hægt að tryggja rekstur félagsins. Rekstraráætlun samþykkt.

5. Þóknun stjórnarmanna ákveðin: 6000 kr. til stjórnar, 12.000 til stjórnarformanns, akstur skv. ríkistaxta. Samþykkt.

6. Hafliði tilkynnir fjarveru Þorvalds Jóhannssonar formanns SSA. Hafliði gerir grein fyrir hugmynd um sameiningu SSA og stoðstofnanna. Hafliði kynnir tillögu stýrihóps á vegum SSA. Klárlega eitthvað sem Þróunarfélagið þarf að taka aðstöðu til og hvernig það vill sjá þetta á næstu árum. Hafliði hvetur fundarmenn til að koma sínum skoðunum á framfæri. Sigurjón Bjarnason spyr um Þróunarfélagið og Þróunarstofnunina og hvort ætlunin sé að skipta því sem er í dag í tvennt. Hafliði segist telja það. Páll segir að verkefni Þróunarfélagsins færist yfir á Þróunarstofu sem er á vegum SSA enda í samvinnu við Hólmfríðarskýrslu þar sem lagt var með það að efla landsbyggðarsamtökin. Jóni Þórðarsyni gefið orðið. Segist ekki sjá einföldun á þessari endurskipulagningu. Lars Gunnarsson sammála Sigurjóni og Jóni. Telur stjórn SSA vilja komast nær stjórn stoðstofnanna. Björk Sigurgeirsdóttir nefnir að hugsunin væri að stoðstofnanir myndu auka hagræðingu. Telur þetta fyrirkomulag verra en það er í dag. Skúla Björnssyni finnst þetta vera eins og þetta var enda sé bókið að setja SSA þarna inná milli. Auður Ingólfssdóttir segir að þetta hafi komið á óvart, lítið minnst á fjármuni og þegar þau eru tekin með þá fari þetta að breytast. Stjórnar stoðstofnanna ættu að fá vald til að setjast niður og koma með betri lausn og betri tillögur. Þórarinn Sveinsson segist lítið skilja í þessu. Alltof mikið flækjustig í stoðkerfinu. Hafliði þakkar fyrir þessar ábendingar.

7. Hafliði fær orðið. Nefnir að fundur hafi verið í janúarlök þar sem fram komu tillögur og hugmyndir frá hópi fólks sem var valið af handahófi á Austurlandi. Hafliði segir frá undibúningi og fer yfir þær niðurstöður sem komu frá fundinum. Hvaða verkefni skorðu hæst. Fundargestum gefið orðið. Þórarinn Sveinsson spyr hvert er framhaldið. Hafliði segir að kynningin sé komin inná island.is, en viti þó ekki hvað eigi að gera í framhaldi af því.

8. Páll Baldursson leggur fram ársskýrslu Vaxtasamnings. Halla Hafbergsdóttir leggur fram ársreikning Vaxtasamnings. Sigurður Pálsson endurskoðandi gaf grænt ljós á ársreikninginn. Niðurfelld framlög vegna fyrirtækja sem að fóru í þrot. Að þeim undanskildum skiluðu öll framlög sig. Töluvert af verkefnum frá 2009 er ekki lokið. Ársreikningur aðeins kynntur en ekki til samþykktar.

9. Enginn biður um orðið.

10. Auður Anna Ingólfssdóttir veitir Fjarðaprif ehf. Hvatningarverðlaun 2010. Lára eigandi fyrirtækisins tekur við verðlaunum.

Ingibjörg Jónsdóttir